

STAKAR UPPSKRIFTIR

TINNA

PRJÓNABLAÐ



KELLY DÖMUPEYSA

Uppskrift er í Tinnu prjónablaði 25.

Fæst þar einnig í einföldum þræði af Tynn Peer Gynt.
Þú getur flett öllu blaðinu á www.tinna.is/prjonablod

Kelly úr Tynn Peer Gynt og Alpakka fylgipræði

STÆRÐIR (2XS) XS (S) M (L) XL (2XL) 3XL (4XL)

MÆLINGAR

Yfirvidd: (109) 113 (117) 121 (124) 130 (135) 139 (143) sm

Heildarlengd: (56) 57 (57) 59 (59) 61 (61) 61 (63) sm.

Ermalengd: 50 sm., eða eins og passar.

PRJÓNAADFERÐ

Byrjað er neðst á peysunni og prjónað upp með laskaúrtöku. Byrjað er á framstykkinu, síðan er bakstykkið prjónað eins, þá eru stykkinn tengd og prjónuð í hring upp að handvegi. Ermarnar prjónaðar og öll stykkinn sameinuð á hringprjóninum og gerð laskaúrtaka. Endað er á hálslíningunni. Öll peysan er prjónuð með einum þræði af hvorri tegund af bandi.

GARN

Tynn Peer Gynt (100% ómeðhöndluð norsk ull, 50 grömm = u.þ.b. 205 metrar).

Berjasaft 4672: (250) 250 (300) 300 (350) 400 (400) 450 (500) grömm.

Alpakka fylgipráður (100% alpakka, 50 grömm = u.þ.b. 400 metrar).

Berjasaft 4672/ Burgundy 4372: (150) 150 (150) 150 (200) 200 (200) 200 (250) grömm.

AÐRIR GARNMÖGULEIKAR FYRIR TYNN PEER GYNT

Sisu (80% ull, 20% nylon, 50 gr. = u.þ.b. 175 m., prjónfesta 27/10).

Einnig Babyull lanett, Tynn line, Mini alpakka, Mandarin petit, Alpakka silke, Tynn merinoull.

AÐRIR GARNMÖGULEIKAR FYRIR ALPAKKA FYLGIPRÁÐ

Tynn silk mohair 4672/4372

PRJÓNAR / FYLGIHLUTIR

Hringprjónar og sokkprjónar nr. 4

Við mælum með Basix viðarprjónum eða Zing álprjónum frá Knitpro

Prjónamerki

PRJÓNFFESTA

21 x 30 lykkjur sléttprjón á prjóna nr. 4 = 10 x 10 sm.

24 umferðir brugðning á prjóna nr. 4 = 10 sm., þegar teygt er létt á prufunni.

AUKIÐ Í TIL HÆGRI

Stingið vinstri prjóninum aftanundir bandið á milli tveggja lykkja og prjónið slétt.

AUKIÐ Í TIL VINSTRI

Stingið vinstri prjóninum á milli tveggja lykkja, farið undir bandið að framanverðu og prjónið bandið snúið slétt.

KANTLYKKJA

Takið fyrstu lykkjuna alltaf óprjónaða brugðið fram af prjóninum með bandið fyrir framan stykkið, prjónið síðustu lykkjuna alltaf slétt.

FRAMSTYKKI

Fitjið upp með ítalskri uppfitjun (105) 109 (113) 117 (121) 127 (133) 137 (141) lykkjur með einum þræði af hvorri tegund af bandi á hringprjón nr. 4 og prjónið 12 sm. brugðningu fram og til baka þannig:

1. umferð eftir uppfitjun = réttan: 1 kantlykkja, 1 snúin slétt, *1 brugðin, 1 snúin slétt*, endurtakið frá *til* endið á 1 kantlykkju.

2. umferð = rangan: 1 kantlykkja, 1 snúin brugðið, *1 slétt, 1 snúið brugðið*, endurtakið frá *til* endið á 1 kantlykkju.

Prjónið áfram þannig:

Prjónið 1 kantlykkju, (12) 12 (12) 12 (12) 12 (14) 14 (14) lykkjur brugðningu, prjónið slétt þar til eftir eru (13) 13 (13) 13 (13) 13 (15) 15 (15) lykkjur, prjónið (12) 12 (12) 12 (12) 12 (14) 14 (14) lykkjur brugðningu, 1 kantlykkja. Prjónið 1 sm. með þessari skiptingu.

Í næstu umferð á réttunni er aukið í þannig:

Prjónið 1 kantlykkju, (12) 12 (12) 12 (12) 12 (14) 14 (14) lykkjur brugðningu, 1 slétt, aukið í til vinstri, prjónið slétt þar til eftir eru (14) 14 (14) 14 (14) 14 (16) 16 (16) lykkjur, aukið í til hægri, prjónið 1 slétt, prjónið (12) 12 (12) 12 (12) 12 (14) 14 (14) lykkjur brugðningu, 1 kantlykkja.

Endurtakið útaukningu með 1. sm. millibili þar til (117) 121 (125) 129 (133) 139 (145) 149 (153) lykkjur eru á prjóninum. Prjónið þar til stykkið mælist 20 sm. Geymið stykkið og prjónið bakstykkið.

BAKSTYKKI

Fitjið upp og prjónið eins og framstykkið = (117) 121 (125) 129 (133) 139 (145) 149 (153) lykkjur á prjóninum.

FRAM- OG BAKSTYKKI

Tengið stykkinn saman með því að prjóna lykkjurnar af bakstykkinu, fitjið upp 1 lykkju, prjónið lykkjurnar af framstykkinu, fitjið upp 1 lykkju = (236) 244 (252) 260 (268) 280 (292) 300 (308) lykkjur á prjóninum. Látið prjónamerki um lykkjuna sem fitjað var upp fyrir í hvorri hlið.

Prjónið áfram brugðningu yfir (27) 27 (27) 27 (27) 27 (31) 31 (31) lykkjur í hvorri hlið og slétt yfir hinar lykkjurnar þar til stykkið mælist um 30 sm.

Fellið af (5) 5 (5) 5 (5) 5 (9) 9 (9) lykkjur í hvorri hlið fyrir handveg (= merkilykkjan + (2) 2 (2) 2 (2) 2 (4) 4 (4) lykkjur sitthvoru megin við). Geymið stykkið og prjónið ermar.

ERMI

Fitjið upp (50) 50 (52) 52 (54) 54 (56) 56 (58) lykkjur með einum þræði af hvorri tegund af bandi á sokkprjóna nr. 4 með ítalskri uppfitjun og prjónið í hring 8 sm. brugðningu 1 snúin slétt, 1 snúin brugðin.

Prjónið 1 umferð slétt og aukið í 10 lykkjum jafnað um umferðina = (60) 60 (62) 62 (64) 64 (66) 66 (68) lykkjur á prjóninum. Látið prjónamerki um fyrstu lykkjuna. Prjónið slétt þar til ermin mælist um 10 sm.

Aukið í 1 lykkju sitthvoru megin við prjónamerkið, þannig:

Prjónið merkilykkjuna, aukið í til vinstri, prjónið slétt að merkilykkjunni, aukið í til hægri.

Endurtakið útaukningu með um (2,5.) 2. (2) 1,5. (1,5.) 1,5. (1,5.) 1,5. (1,5.) sm. millibili alls (10) 11 (11) 13 (13) 15 (16) 17 (18) sinnum =(80) 82 (84) 88 (90) 94 (98) 100 (104) lykkjur á prjóninum.

Endurtakið nú útaukningu 1 sinni þegar búið er að prjóna 3 sm., síðan 2 sinnum með 4. sm. millibili = (86) 88 (90) 94 (96) 100 (104) 106 (110) lykkjur á prjóninum.

Prjónið slétt þar til ermin mælist 50 sm., eða eins og passar.

Fellið af (5) 5 (5) 5 (5) 5 (9) 9 (9) lykkjur undir miðermi (= merkilykkjuna + (2) 2 (2) 2 (2) 2 (4) 4 (4) lykkjur sitthvoru megin við). Prjónið aðra ermi eins.

BERUSTYKKI

Sameinið ermar og bol á hringprjóninn = (388) 400 (412) 428 (440) 460 (464) 476 (492) lykkjur á prjóninum. Byrjið umferðina á að prjóna yfir lykkjurnar á bakstykkinu (= umferðin byrjar í hægri hlið á bakstykkinu).

Prjónið 11 lykkjur brugðningu, prjónið (91) 95 (99) 103 (107) 113 (115) 119 (123) lykkjur slétt (= bakstykki), prjónið 11 lykkjur brugðningu, prjónið (81) 83 (85) 89 (91) 95 (95) 97 (101)) lykkjur slétt (= ermi), prjónið 11 lykkjur brugðningu, prjónið (91) 95 (99) 103 (107) 113 (115) 119 (123) lykkjur slétt (= framstykki), prjónið 11 lykkjur brugðningu, prjónið (81) 83 (85) 89 (91) 95 (95) 97 (101) lykkjur slétt (= ermi).

Takið úr í næstu umferð með því að prjóna 2 slétt saman þegar búið er að prjóna brugðninguna, og taka 1 lykkju slétt óprjónaða fram af og láta hana snúið slétt yfir á vinstri prjóninn, prjónið 2 snúið slétt saman fyrir framan brugðninguna = 8 lykkjur teknar úr.

Endurtakið úrtöku í annarri hverri umferð alls (35) 36 (37) 39 (40) 42 (42) 43 (45) sinnum=(108) 112 (116) 116 (120) 124 (128) 132 (132) lykkjur á prjóninum. Prjónið í hring 8 sm. brugðningu 1 snúin slétt, 1 brugðin.

ATH! Passið að brugðningin standist á í laskanum þ.e. brugðið yfir brugðið og slétt yfir slétt. Fellið af með ítalskri affellingu.

FRÁGANGUR

Saumið handveginn saman. Gangið vel frá öllum endum.



Skoðið liti og úrval í garni á www.tinna.is

Ókeypis heimsending af vefverslun af prjónablaðum og einnig ef verslað er yfir 10 þúsund kr.

Endilega fylgið okkur Facebook Tinna ehf. og á Instagram á #tinna_knitting

Alltaf það nýjasta og flotta sem poppar upp þar!

Kelly dömureyfa



*Stök uppkrift úr Tinnu
prjónablaði 25*